

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 95. stjórnarfundur haldinn 2. mars 2016 í Snæfellsstofu á Skriðuklaustri	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 2.mars 2016	Tími 09:30-17:30	Staður Snæfellsstofa	Nr. Fundar 95
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 2.03.16	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Vilhjálmur Árnason, Björn Ingi Jónsson, Sigmundur Einarsson, Ásta Begga Ólafsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Snorri Ingimarsson og Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri. Gestir: Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður á austursvæði og Ragna Fanney Jóhannsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Jón Geir Pétursson og Sigríður Svana Helgadóttir frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Óli Halldórsson og Guðmundur Hörður Guðmundsson Fundur hófst kl. 9:30			

Dagskrá: DAGSKRÁ:

- 1.Samþykki dagskrár
 - 2.Fundargerðir svæðisráða
 - 3.Lög Vatnajökulsþjóðgarðs – *staða* *
 - 4.Fjármál:
Framkvæmdaáætlun 2016 – *ný drög; kynning/umræða/samþykki* *
Uppgjör fyrir árið 2015- *gróf kynning*
 - 5.Opinber fjármál; Fjárlagatillögur 2017– *vinna; kynning/staða* *
 - 6.Skipulagsvinna í Vjþ – *vinnuferli; umræða*
 - 7.Starfsmannaráðningar
 - 8.Önnur mál
- Næsti stjórnarfundur

- 1.**Samþykki dagskrár.** Formaður fór yfir dagskrá og bar undir fundarmenn. Dagskrá samþykkt án athugasemda.
- 2.**Fundargerðir svæðisráða.**

Ásta Begga fór yfir fundargerð svæðisráðs vestursvæðis. Áliti svæðisráðs varðandi lög vísað til sérstakrar umræðu síðar á fundinum. Fram kom að ráðinn hefur verið aðstoðamaður þjóðgarðsvarðar Jóna Björk Jónsdóttir.

Björn Ingi fór yfir fundargerð svæðisráðs suðursvæðis. Rætt um samninga við landeigendur innan þjóðgarðsins og reglubundið samstarf við þá aðila. Björn ræddi einnig öryggismál á suðursvæði út frá umræðu svæðisráðs.

Ruth fór yfir fundargerð austursvæðis. Hún ræddi öryggismál og rýmingu á austursvæði sem var til umræðu á síðasta fundi svæðisráðsins. Jafnramt ræddi hún stöðuna á rekstri upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal og fund með fulltrúum sveitarfélaga um það málefni.

3. **Lög um Vatnajökulsþjóðgarð.** Til fundar mættu Sigríður Svana Helgadóttir og Jón Geir Pétursson frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Formaður bauð fulltrúa ráðuneytisins velkomin á fundinn og fór yfir þá vinnu sem fram hefur farið innan þjóðgarðsins varðandi drög að nýjum lögum um þjóðgarðinn. Jón Geir fór yfir aðdragandann að nýjum drögum að lögum um þjóðgarðinn. Fram kom að drögin voru í auglýsingu síðastliðið sumar og þær ábendingar sem

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar

fram komu hafa verið teknar til umfjöllunar. Jón Geir fór síðan yfir í stórum dráttum þær breytingar sem settar hafa verið fram í nýjum drögum. Fyrirspurnir og umræður meðal fundarmanna. Rætt um hvernig styrkja mætti sameiginlega vinnu innan þjóðgarðsins. Einnig rætt um aðkomu atvinnulífsins að stjórnkerfi garðsins m.a. vegna byggðamarkmiða þjóðgarðsins. Í því sambandi var komið inn á samsetningu svæðisráða. Fram kom hvort ástæða sé til þess að skilgreina starfssvið framkvæmdastjóra eða þjóðgarðsvaraða inn í lögunum, það sé fremur stjórnar að setja fram starfslýsingu fyrir viðkomandi starfsmann. Rætt um að breytingar sem lagðar eru fram í nýjum drögum séu ákveðið fráhrarfrá núverandi stjórnfyrikomulagi í átt til meiri miðstýringar í gegnum skilgreiningu á valdi framkvæmdastjóra. Fram kom frá ráðuneytinu að ákveðnar reglur gilda varðandi fjárhagslega ábyrgð og ábyrgð á starfsmannamálum sé mjög skýrt. Í drögnum er gert ráð fyrir að ráðherra ráði framkvæmdastjóra. Í því sambandi kom fram fyrirspurn um hvort að ráðherra sé bundinn að vilja stjórnar við ráðningu framkvæmdastjóra og hvort framkvæmdastjóri starfi í umboði stjórnar. Þetta séu mikilvæg atriði varðandi þær breytingar sem eru framlagðar. Rætt um hlut stjórnkerfis garðsins í þeirri sátt sem hefur verið um þjóðgarðinn og að það sé fyrirmynd í hugmyndum að stærri þjóðgarði á Íslandi. Ræddir kostir og gallar þess að hafa fleiri en einn þjóðgarðsvörð á hverju rekstrarsvæði og um ábyrgð á starfsmannahaldi í þjóðgarðinum. Rætt um að breytingar í tengslum við atvinnustarfssemi í þjóðgarðinum gangi of skammt, enn vanti nánari ákvæði um atvinnutengda starfsemi og samninga við þá aðila.

Farið var ítarlega yfir drögin grein fyrir grein. Jón Geir og Sigríður Svana munu taka til athugunar þær athugasemdir sem fram komu. Stjórn mun fá tækifæri til að koma með athugasemdir við næstu drög að lögunum á komandi vikum.

4.Fjármál. Framkvæmdastjóri greindi frá því að enn liggur ekki fyrir úthlutun frá Framkvæmdastjóði ferðamannstaða. Úthlutunir úr sjóðnum hafa veruleg áhrif á framkvæmdaáætlun þjóðgarðsins. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

Framkvæmdastjór greinir frá því að á síðasta ári hefðu farið 5 milljónir kr. í að greiða upp í uppsafnaðan neikvæðan höfuðstól, sem er arfur frá byggingu Snæfellsstofu. Eftirstöðvar eru nettó um 55 milljónir kr.

5.Skipulagsvinna í VJP.

Stjórn áréttar að deiliskipulagstillögur fara í það ferli að þær eru til afgreiðslu í svæðisráði og þá stjórn. Eftir samþykki stjórnar fer tillagan til viðkomandi sveitarfélags til auglýsingar. Þegar frestur fyrir athugasemdir er útrunninn, athugasemdir komnar fram og hönnuður hefur brugðist við þeim, fjallar svæðisráð aftur um tillöguna og þá fer hún til endanlegrar afgreiðslu í stjórn.

Skaftafell – breyting á deiliskipulagi. Björn Ingi kynnti deiliskipulagstillöguna. Stjórn gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og samþykkir hana fyrir sitt leiti til auglýsingar.

Snæfell - deiliskipulagstillaga. Ragna Fanney Jóhannsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvaraðar á austursvæði, fór yfir deiliskipulagstillöguna. Stjórn gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og samþykkir hana fyrir sitt leiti til auglýsingar.

Ásbyrgi - deiliskipulagstillaga lögð fram. Umræðu frestað.

6.Starfsmannamál

Auglýst hefur verið eftir sumarstarfsmönnum og rann umsóknarfrestur út í gær. Auglýst hefur verið staða þjóðgarðsvaraðar á norðursvæði og er umsóknarfrestur útrunninn. Alls bárust sex umsóknir.

Stjórn beinir því til framkvæmdastjóra og svæðisráðs norðursvæðis að hefja undirbúning að starfi annars þjóðgarðsvaraðar á norðursvæði samkvæmt ákvörðun stjórnar á 93. fundi.

Önnur mál:

1. Fyrirspurn frá Agnesi Brá þjóðgarðsverði á austursvæði um þá tillögu sem fram kom á sameiginlegum fundi starfsmanna og stjórnar á Höfn um að þjóðgarðsverðir sitji fundi stjórnar þegar stjórn fundar á þeirra starfssvæði. Formaður svaraði því að ekki hafi verið tekin afstaða til tillögunnar, en hún verði tekin inn í vinnu um starfsmannastefnu.
2. Ruth spurðist fyrir um fréttir af fyrirhuguðum fundi formanns og framkvæmdastjóra með Ferðafélagi Íslands. Formaður svaraði því að sá fundur væri enn á dagskrá.
3. Vilhjálmur ræddi mikilvægi þess að stjórn ætti opið samtal við aðrar ríkisstofnanir s.s. Ferðamálastofu og fengi gesti á fundi til að ræða sameiginleg mál.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar



4. Framkvæmdastjóri greindi frá dómi sem féll nýlega í Héraðsdómi Austurlands þjóðgarðinum í óhag. Dómurinn fjallaði um kröfu um greiðslu fjarvistaruppbótar.

Fundi lauk kl. 17:30

Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			